



Kaupmáttur almennings mildaði kreppuna

Efling leiðréttir rangfærslur SA og Viðskiptaráðs

Undanfarið hefur nokkuð borið á því að helstu talsmenn atvinnurekenda, einkum SA og Viðskiptaráð, hafi farið afvega í greiningum sínum á Kóvíð-kreppunni: tilurð hennar, umfangi og getu Íslands til að vinna sig út úr henni á ný.

Kreppan varð vegna sóttvarnaraðgerða sem grípa þurfti til svo hemja mætti útbreiðslu lífshættulegrar Kóvíð-veirunnar. Sóttvarnaraðgerðunum fylgdu hömlur á samkomur og samneyti almennings, sem bitnaði mest á ferðaþjónustu og nátengdum greinum. Það leiddi til óvenju mikils atvinnuleysis og skyldra erfiðleika.

Þrátt fyrir þessa almennu og viðurkenndu vitneskju láta talsmenn atvinnurekenda eins og kreppan hafi orðið vegna mikilla launahækkana frá árinu 2019 – eða þá að launahækkanir hafi gert kreppuna verri og muni hamla för okkar út úr henni á ný. Fullyrðingar í þessa veru má finna í nýlegum skrifum þessara aðila (sjá til dæmis **hér** og **hér**).

Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA) segir: „Við fórum í gegnum launahækkun í upphafi kreppunnar, sem ég tel að hafi verið mjög misráðin og ég held að við þurfum að halda því samtali til haga“. ... „Afleiðingarnar af launahækkunum í kreppu verða þær að atvinnuleysi verður meira en ella, viðspyrnan verður hægari en ella og verðbólgan mun fara af stað. Og hvað hefur gerst? Nákvæmlega það, sem varað var við,“ segir hann.

Í umsögn Viðskiptaráðs um fjármálaáætlun stjórnvalda segir: „Það blasir við að þessar miklu launahækkanir draga úr svigrúmi í hagkerfinu öllu til að draga úr atvinnuleysi. Raunar er það ákveðin tilraunastarfsemi að koma íslenska hagkerfinu út úr

atvinnuleysi við jafn háan launakostnað enda hefur slíkt ekki áður verið reynt. Mikilvægt er að ríkið sýni betra fordæmi þar sem hætt er við að sú fækkun starfa á almennum vinnumarkaði sem hófst löngu fyrir COVID-19 haldi áfram, enda er byrði launakostnaðar hér á landi sú mesta í þróuðum ríkjum.“

Boðskapur talsmanna atvinnurekenda er sem sagt þessi: Hár launakostnaður fyrir Kóvíð-kreppuna var þegar farinn að leiða til atvinnuleysis og kauphækkunar í kreppunni gerðu illt verra og munu í framhaldinu hindra uppsveiflu og magna verðbólgu nú þegar sóttvarnaraðgerðum linnir.

Allt eru þetta rangfærslur og raunar hættulegur boðskapur. Því er mikilvægt að leiðrétta þetta tal og setja fram trúverðugri skýringar á framvindunni.

Í stuttu máli er raunin sú að spár atvinnurekenda um umfang samdráttar í Kóvíð-kreppunni voru alla tíð óeðlilega svartsýnar og áhrif kreppunnar á atvinnustig voru bæði mjög afmörkuð við ákveðna geira og minni í alþjóðlegum samanburði en búast hefði mátt við. En það sem mestu skiptir er að umsamdar launahækkanir Lífskjarasamningsins mögnuðu ekki kreppuna, heldur unnu þær þvert á móti gegn verstu áhrifum hennar með því að viðhalda heilbrigðri eftirspurn í hagkerfinu.

Hér verða settar fram lýsingar á tilurð, dýpt og framvindu kreppunnar sem og stöðunni við upphaf sveiflunnar út úr kreppunni sem hafin er. Sérstaklega er dregið fram hlutverk kaupmáttar almennings í að milda kreppuna.

Skoðum fyrst umfang kreppunnar á Íslandi, síðan hlutverk kaupmáttar og loks hvað er mikilvægast á uppsveiflunni.

I. Hversu djúp hefur kreppan verið?

Ýkjur um dýpt kreppunnar

Alvarlegasta birtingarmynd efnahagskreppunnar er aukið atvinnuleysi. Vegna ferðatakmarkana bitnuðu sóttvarnaraðgerðir mest á ferðaþjónustu og tengdum greinum atvinnulífsins. Þaðan koma líka flestir hinna atvinnulausu. Flestir sem misstu vinnuna voru með minni menntun og lægri laun og störfuðu í ferðaþjónustu og skyldum greinum. Atvinnuleysi varð langmest á Suðurnesjum þar sem vægi ferðaþjónustustarfa var einmitt óvenju mikið, vegna nálægðar við Keflavíkurlflugvöll¹.

Talsmenn atvinnurekenda hafa gert sig seka um að ýkja mjög áhrif kreppunnar á atvinnulífið í heild sinni. Ferðaþjónusta og skyldar greinar voru með nálægt 15% af vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði fyrir kreppu. Fyrirtæki úr öðrum greinum atvinnulífsins hafa mörg hver siglt ágætlega í gegnum kreppuna og sum hver hafa haft óvenju góða afkomu².

Vorið 2020 birtu talsmenn atvinnurekenda undir forystu SA og Viðskiptaráðs sameiginlega spá um framvindu kreppunnar (sjá [hér](#)). Þar voru birtar þrjár sviðsmyndir. Svartsýna spáin gerði ráð fyrir um 18% samdrætti landsframleiðslu, grunnsviðsmynd sem sögð var raunsæjust gerði ráð fyrir 13% samdrætti og bjartsýnisspá um 8% samdrætti. Aðrir spáaðilar voru á þessum tíma að spá um 8-9% samdrætti landsframleiðslu á árinu 2020. Stefán Ólafsson sérfræðingur hjá Eflingu setti fram mun bjartsýnni spá sem fór mun nærri því að rætast (sjá [hér](#)).

Hver var svo niðurstaðan? Hagstofan hefur birt uppgjör ársins 2020 og fær þá niðurstöðu að samdráttur hafi verið um 6,6%, eða talsvert minni en flestar spár banka og hagskýrslustofnana og miklu minni en grunnsþá samtaka atvinnurekenda (13%).

Samdráttur þjóðarbúskaparins á síðasta ári varð þannig minni en búist var við og fóru talsmenn atvinnurekenda mest afvega í spám sínum.

Samkvæmt nýjustu spám Landsbankans og Íslandsbanka nú í vor er uppsveiflan þegar hafin og útkoman á fyrsta ársfjórðungi vonum frammar. Þá virðist sveiflan vera mun kröftugri í apríl en þrjá mánuðina þar á undan (sjá [hér](#) og [hér](#)).

Seðlabankinn er svo með bjartsýnustu spána enn sem komið er (sjá [hér](#)), með meira en 3% hagvöxt á þessu ári og yfir 5% á því næsta.

Kröftug uppsveifla sem nú er klárlega í kortunum er auðvitað vegna endurkomu ferðaþjónustunnar í kjölfar aukinna bólusetninga, en einnig benda spáaðilar á að það sé vegna kröftugrar innleðrar eftirspurnar og fjárfestingar. Það eru stærðir sem stýrast öðru fremur af kaupmætti almennings. Tal Viðskiptaráðs og SA um að hátt launastig hamli uppsveiflunni út úr kreppunni er því augljóslega út í hött.

Umfang atvinnuleysiskreppunnar

Þar eð Ísland var með óvenju stóran geira ferðaþjónustu fyrir Kóvíð-kreppuna, samanborið við aðrar þjóðir, var viðbúið að Ísland yrði fyrir miklum áhrifum af sóttvarnaraðgerðum sem stöðvuðu streymi ferðamanna til landsins (sjá [hér](#), [glæru 6](#)). Af þeim sökum einum hefði mátt búast við að atvinnuleysi yrði meira hér en í grannríkjunum sem stóla minna á ferðaþjónustu, svo sem á hinum Norðurlöndunum.

Ef ferðaþjónusta hefði stöðvast að fullu og engar mótvægisáðgerðir komið til hefði mátt búast við að atvinnuleysi færi minnst í um 15-20% (allt vinnuafli ferðaþjónustu og meira til vegna smitunaráhrifa á aðrar greinar). Atvinnuleysi jókst vissulega með meira móti á Íslandi í samanburði við aðrar vestrænar þjóðir innan OECD-samtakanna, en ekkert í líkingu við svartsýnisspá SA og Viðskiptaráðs. Raunar varð aukning atvinnuleysis á Íslandi minni en ætla mátti af miklu umfangi ferðaþjónustu og tengdra greina.

Hin hliðin á atvinnuleysi er atvinnustig, það er að segja hve stór hluti fólks á vinnualdri er í launaðri vinnu á hverjum tíma.


Ef fullyrðing talsmanna atvinnurekenda um að óvenju hátt launastig hér á landi myndi leiða af sér óvenju hátt atvinnuleysi væri rétt þá ætti að sjá þess merki í alþjóðlegum tölum um umfang atvinnuleysis og tölur um atvinnustig ættu sömuleiðis að vera með minna móti. Því er hins vegar öfugt farið.

Á mynd 1 má sjá nýjustu tölur OECD um atvinnustig frá fyrsta ársfjórðungi 2021 (% fólks á vinnualdri í launaðri vinnu). Þetta eru tölur úr vinnumarkaðskönnunum sem Eurostat tekur saman og eru vel sambærilegar milli landa.

1. Sjá mánaðarlegar skýrslur [Vinnuálagstofnunar](#), [Hagstofu Íslands](#) og [Vinnuálagstofnunar ASÍ](#).

2. Athygli vakti þegar Gylfi Zoega hagfræðiprófessor við HÍ lýsti kreppunni þannig að um 10% hagkerfisins væri í kreppu en 90% í góðæri (sjá [hér](#)). Hagfræðingur Viðskiptaráðs reyndi hins vegar að halda því fram, með veikum rökum, að raunin væri öfug: 90% væru í kreppu en 10% í góðæri (sjá [hér](#)).

Atvinnustig OECD-ríkja á 1. ársfj. 2021 (%)



Hlutfall fólks á vinnualdri í launaðri vinnu

Mynd 1: Atvinnustig í OECD-ríkjunum á 1. ársfjórðungi 2021. Hlutfall fólks á vinnualdri í launaðri vinnu. Heimild: OECD.

Eins og sjá má er Ísland í hópi þeirra landa sem hefur tekist hvað best að halda fólki á vinnualdri í vinnu í gegnum kreppuna, þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi vissulega aukist mikið. Í venjulegu árferði er Ísland efst á svona lista ásamt Sviss og sér merki kreppunnar á því að við höfum sigið niður í fjórða efsta sætið.

Góð frammistaða Íslands í að viðhalda háu atvinnustigi í samanburði við aðrar þjóðir í gegnum kreppuna er augljóslega ekki mynd af landi sem þjakað er af of háu launastigi sem gerir fyrirtækjum ókleift að hafa fólk í vinnu.

Ef borið er saman umfang atvinnuleysis samkvæmt sambærilegum vinnumarkaðskönnunum OECD-ríkjanna var Ísland hins vegar með 11. mesta atvinnuleysisið af OECD-ríkjunum í mars sl. (sjá mynd 3 í Viðauka).³

Svíar og Finnar eru þó með meira atvinnuleysi en við og Danir og Norðmenn minna. Ferðaþjónustuhagkerfin Grikkland, Spánn og Ítalía eru á mun hærra atvinnuleysisstigi en Ísland. Því má segja að atvinnuleysi á Íslandi í gegnum Kóvíð-kreppuna hafi í reynd verið minna en ætla mátti.

3. Rétt er að taka fram að tölur Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi eru aðeins hærri en tölur úr vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar og Eurostat. Rétt er einnig að hafa í huga að þegar hlutfall fólks sem er á hlutabótum er talið sem atvinnulaust þá er það ýkt mynd því það fólk er enn í ráðningarsambandi við vinnuveitanda sinn og fær væntanlega starf sitt aftur til fulls þegar aðstæður batna.

Kóvíð-kreppan er fyrsta djúpa kreppan sem Ísland fer í gegnum frá seinni heimsstyrjöld án þess að komi til stórrar almennrar kaupmáttarskerðingar launafólks. Það er því að þakka að verkalýðshreyfingin fékk því framgengt að gildandi kjarasamningur, Lífskjarasamningurinn, var látinn halda í gegnum kreppuna, ólíkt því sem gerðist t.d. í kjölfar fjármálahrunsins 2008 og í fyrri kreppum.

Sá kaupmáttur sem þannig var varinn er einnig að skila sér í kröftugri uppsveiflu á síðustu vikum.

II. Kaupmáttur launafólks hélt uppi innlendri eftirspurn

Gildi þess að halda kaupmætti þorra launafólks í gegnum kreppu er lærdómur sem kemur öðru fremur úr rannsóknum hagfræðingsins John Meynard Keynes, sem sýndi að leiðin til að milda djúpar efnahagskreppur væri að halda uppi eftirspurn í hagkerfinu. Hann sagði einnig að það væri helst ríkið sem gæti beitt sér í þeim efnum, með fjármálainnsýtingu eða skattalækkunum. Ríkið ætti því að stíga á bensínið þegar einkageirinn dregst saman og örva þannig efnahagsstarfsemi, stuðla að auknum framkvæmdum og vernda með því störf.

Þetta eru kreppuúrræði sem hafa reynst vel um allan heim og til lengri tíma. Hins vegar hafa frjálslyggjumenn og þeir sem eru andvígir ríkisinngripum í efnahagslífinu oft lagst gegn beitingu þessara vel reyndu úrræða og lagt til í staðinn niðurskurðarstefnu (austerity policies) sem gjarnan dýpkar kreppur, með neikvæðum afleiðingum fyrir þorra launafólks, ekki síst fyrir lægri tekjuhópa.


Að styðja við kaupmátt almenns launafólks nær fram sömu áhrifum og þau kreppuúrræði sem Keynes mælti með, það er að segja aukning ríkisútgjalda. Einkaneysla og fjárfestingar heimila (t.d. í íbúðarhúsnæði) eru stórir þættir innlendrar eftirspurnar á hverjum tíma. Þegar kaupmætti almennings er viðhaldið eða hann aukinn í kreppu styrkir það innlenda eftirspurn og mildar kreppuáhrifin og flýttir svo gjarnan fyrir uppsveiflu út úr kreppunni.

Á Íslandi hefur Lífskjarasamningurinn frá 2019 gegnt stóru hlutverki í að milda Kóvíð-kreppuna. Hann hefur bætt í launahækkunir á krepputímanum og þannig vegið gegn verðlagshækkunum og með því styrkt innlenda eftirspurn sem hefur viðhaldið fleiri störfum en ella væri.

Annað einkenni Lífskjarasamningsins hefur sérstaklega styrkt þessi jákvæðu áhrif hans í kreppunni, en það er sú staðreynd að laun lægstu launahópa hafa hækkað mest, eins og sjá má á mynd 2, sem sýnir samanburð á launahækkunum á tíma Lífskjarasamningsins (samtales frá febrúar 2019 til febrúar 2021 í %), í samanburði við launahækkunir árið 2018.

Verkafólk og þjónustu- og afgangslúfólk var með mesta samanlagða hækkun 2019 til 2021 (24,6%), síðan skrifstofufólk og iðnaðarmenn (21% og 19,3%). Stjórnendur og sérfræðingar, hærri launahóparnir, voru með 12,8% og 15,8% hækkunir. Á árinu 2018 voru launahækkunir á almennum markaði jafnar milli starfsstétta og raunar hlutfallslega hærri hjá sérmenntuðum heldur en ófaglærðu láglaunafólki.

Hækkun launa helstu starfsstétta á almennum markaði árið 2018 og samtals á tíma Lífskjarasamningsins 2019 til 2021 (í %)



Mynd 2: Launahækkunir helstu starfsstétta árið 2018 og samanlagt árin 2019 til 2021. Hækkun síðustu 12 mánaða frá febrúar til febrúar í %. Miðað er við regluleg laun. Heimild: Hagstofa Íslands.

Flatar krónutöluhækkunar í Lífskjarasamningnum skiluðu lægri launahópum hlutfallslega meiri hækkunum auk þess sem taxtahækkunar til láglaunafólks á strípuðum töxtum voru hærri en almennar hækkunar. Þá náði Efling verulegum sérkjarabótum fyrir lágtekjuhópa hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg á árinu 2020 sem skiluðu enn frekari hækkunum til lægstu hópanna.

Láglaunahópar eyða alla jafna stærstum hluta tekna sinna til daglegrar framfærslu og nauðsynja heimilisins sem þýðir að kaupmáttur þeirra fer beint í hringrás efnahagslífsins, ólíkt því sem gerist þegar laun hátekjuhópa hækka. Þeir eyða ekki öllum sínum launum í neyslu og nauðsynjar heimilisins heldur verja þeim í sparnað og í meiri mæli utan landsteinanna.

III. Samantekt

Talsmenn atvinnurekenda hafa undanfarið fullyrt eftirfarandi:

- Hátt launastig á Íslandi hafi verið farið að draga úr hagvexti og auka atvinnuleysi fyrir Kóvíð-keppuna, þ.e. á árinu 2019.
- Launahækkunar Lífskjarasamningsins 2019 til 2021 hafi gert keppuna dýpri en ella hefði orðið (þ.e. ef kjarasamningurinn hefði verið tekinn úr sambandi).
- Hátt launastig á Íslandi muni hamla uppsveiflunni þegar sóttvörnum lýkur og auka verðbólgu.

Efling - stéttarfélag hafnar öllum þessum fullyrðingum. Traust rök styðja í reynd hið gagnstæða, að viðhald kaupmáttar almenns launafólks í gegnum keppuna hafi mildað keppuáhrifin svo um munaði. Svör Eflingar við ofangreindum fullyrðingum Viðskiptaráðs og SA eru eftirfarandi:

- Ef Lífskjarasamningurinn hefði verið tekinn úr sambandi hefði keppan orðið mun dýpri, því innlend eftirspurn hefi dregist meira saman og fleiri störf tapast.
- Viðhald kaupmáttarstigs láglaunafólks, þrátt fyrir lítillaga hækkun verðbólgu, hefur jákvæð áhrif á uppsveifluna sem þegar er hafin og virðist ætla að verða próttmikil.
- Greiningaraðilar (Seðlabankinn, Hagstofan, ASÍ, Íslandsbanki og Landsbankinn) tengja hækkun verðbólgu einkum við gengisbreytingar, verðlagsþróun erlendis og við flæði fjármagns til og frá landinu. Lítið samband hefur verið milli launahækkana og verðbólgu á Íslandi á síðustu árum.

Örvunaráhrif kaupmáttar lægri launahópa fyrir atvinnulífið eru þannig mun meiri en hjá hærri launahópum. Það stuðlar að verndun starfa í keppu, þó ekki dugi það eitt og sér til að útrýma keppuáhrifum á atvinnustigið. En það mildar keppuáhrifin.

Þessi framvinda í launapróuninni var þannig mjög farsæl í Kóvíð-keppunni því kaupmáttur almenns launafólks tryggði próttmikla innlenda eftirspurn þegar eftirspurn erlendis frá (ferðamenn) stöðvaðist nær alveg. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda höfðu einnig jákvæð áhrif til að milda keppuna, einkum aðgerðir velferðarríkisins (heilbrigðisaðgerðir og atvinnuleysisbætur og fl.), en einnig stuðningur við fyrirtæki í ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Það er því rík ástæða til að vara við einhliða og afvegaleiðandi málflutningi helstu samtaka atvinnurekenda um launamál og keppur.


Á uppsveiflunni er síðan mikilvægt að slá ekki af, hvorki í aðgerðum ríkisvaldsins né í viðhaldi kaupmáttar almennings.

Ríkið má þannig ekki draga úr aðgerðum sínum of fljótt né grípa til niðurskurðar útgjalda eða skattahækkana á almenning. Ef það væri gert yrði uppsveiflan veikari eða gæti jafnvel snúist í samdrátt á ný, eins og rökstutt er í nýlegri skýrslu sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar (sjá hér).

Viðauki I:

Atvinnuleysi í mars 2021

Heimild: Vinnumarkaðskannanir Eurostat



Mynd 3: Umfang atvinnuleysis í vestrænum ríkjum, mars 2021. Hlutfall virks mannafla (active population) án vinnu. Heimild: Eurostat.